



Grundaskóli  
Akranesi



# P Ú L S I N N



# Kveðja frá skólastjóra

Ágætu lesendur. Hér ber að líta enn eitt eintak af rafrænum Púlsi, skólablaði Grundaskóla. Markmiðið er að Púlsinn komi út í lok hvers skólaárs og verði eingöngu á heimasíðu skólans í svokölluðu pdf-formi. Á stórafmælum skólans er hins vegar fyrir huguð prentuð viðhafnarútgáfa.

Efni Púlsins er að venju fjölbreytt. Það er unnið af nemendum og kennurum en ritstjórar voru Margrét Ákadóttir og Valgarður L. Jónsson, umsjónarkennarar á unglingastigi.

Grundaskóli er annar af tveimur grunnskólum á Akranesi. Nemendur eru rúmlega 600 og starfsmenn yfir 90 talsins. Grundaskóla er góður skóli vegna þess að hér eru frábærir nemendur sem eiga góða foreldra. Foreldrar hafa ávallt reynst skólanum vel, eru mikilvægir bakhjarlar sem gott er að leita til og vinna með. Grundaskóli ber einnig gæfu til að hafa starfandi virkt og mjög öflugt

Hollvinafélag sem hefur látið gott af sér leiða á undanförunum árum. Í Hollvinafélaginu eru fyrrverandi nemendur og aðrir velunnarar skólans.

Við sem störfum í skólanum gerum faglegar kröfur til okkar sjálfra og til bæjaryfirvalda um að standa við bakið á okkur og styðja til góðra verka. Stækkun mötuneytis og matsalar er verkefni sumarsins og þótt fyrr hefði verið. Starfsmenn hafa unnið við erfiðar aðstæður um langa hríð og það er tilhlökkunarefni að hefja nýtt skólaár við nýjar aðstæður hvað það varðar. Umræða um skólamál er einnig mikil um þessar mundir og við tókum að sjálfsgöðu fullan þátt í henni. Það er skoðun bæði starfsmanna skólans og foreldra að Grundaskóli verði áfram heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. til 10. bekk. Við munum halda þeirri skoðun okkar á lofti héðan í frá sem hingað til.



Það er starfsmanna skólans að sjá til þess að skólastarfið þróist og breytist, sé bæði framsækið og metnaðarfullt. Við eigum að halda í metnað til allra verka, þetta metnaðarfulla viðhorf til alls þess sem við tókum okkur fyrir hendur og við eigum að tala um það og segja það upphátt. Við eigum að gera þá kröfu til nemenda og starfsmanna að þeir leggi sig alla fram, annað er óásættanlegt. Í skólastarfi skulu nemendur vera í öndvegi og fyrir þá er aðeins það besta nógu gott.

*Hrönn Ríkhardsdóttir,  
skólastjóri.*

## PÚLSINN

### Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Hrönn Ríkhardsdóttir



## Grundaskóli

Akranesi

Heimasíða Grundaskóla:

[www.grundaskoli.is](http://www.grundaskoli.is)

Netfang Grundaskóla:

[grundaskoli@akranes.is](mailto:grundaskoli@akranes.is)






# Stærðfræði


Í haust háttaði svo til að jafnmörg börn komu úr þremur leikskólum inn í 1. bekk. Því var ákveðið að raða í bekki eftir leikskólum og reyndist það mjög vel. Börnin hafa unnið saman í ýmskonar blönduðum hópum í allan vetur, m.a. í íþróttum, list og verkgreinum, læsisstöðvum og stærðfrædistöðvum.

Í stærðfræði og læsi höfum við haft fjórða kennarann með okkur og því hafa hóparnir verið minni sem hefur auðveldað okkur að sinna öllum betur. Viðfangsefni á stöðvunum hafa verið fjölbreytt og skemmtileg þar sem börnin hafa lært mikið í gegnum leik. Í stærðfræði höfum við m.a. unnið með talnaskilning, talningu, sam-

## 1. bekkur



lagningu, frádrátt, tugi og einingar og rúmfræði. Á læsisstöðvunum höfum við unnið með fjölbreytt verkefni í Byrjendalæsi sem hafa komið inn á tal, hlustun, lestur og ritun.





# Góðir vinir

Víð í 2. bekk erum búin að vera í góðu samstarfi við jafnaldra okkar í Brekkubæjarskóla frá því að við byrjuðum í grunnskóla. Við höfum unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum, lesið sömu bækur og unnið verkefni úr þeim, skrifast á og farið í gagnkvæmar heimsóknir.

Á haustdögum héldum við vinahátíð í Garðalundi. Þar hittumst við snemma morguns með nesti, fórum í leiki og lékum okkur saman. Það var gaman að hittast, leika saman og margir eignuðust nýja vini. Okkur finnst mjög dýrmætt að vera í samskiptum við jafnaldra okkar í Brekkubæjarskóla og við ætlum

## 2. bekkur

að halda áfram að hittast og rækta vináttu okkar.





# Akranes - bærinn minn

Við í 3. bekk unnum verkefnið Akranes bærinn minn í vetur. Nemendur byrjuðu á að búa til ímyndaða götu sem gæti verið í bænum okkar. Í þeim hluta verkefnisins skoðuðu þeir fjölskyldusamsetningar, mismunandi húsnæði og margt fleira. Nemendurnir lögðust svo í mikila vinnu sem sneri að umferðinni og umferðarmerkjunum.

Á Akranesi eru fjölbreyttir vinnustaðir og margir foreldrar buðu krökkunum að koma og skoða sinn vinnustað. Þessar vinnustaðaheimsóknir voru mjög

## 3. bekkur

vel heppnaðar og það voru sælir krakkar sem komu til baka upp í skóla fullir af nýjum fróðleik.





# Lýðveldið Ísland

Ívetur höfum við í 4. bekk verið að vinna með lýðveldið Ísland. Vinnan hefur falist í samþættingu nokkurra námsgreina; samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni og íslensku. Nemendur hafa unnið margvísleg verkefni sem safnað hefur verið saman í fallega bók. Í þessari vinnu hafa nemendur m.a. lært um íslenska fánann, skjaldarmerkið, landvættina, alla forseta lýðveldisins og heilmikið um sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og þjóðhetjuna Jón Sigurðsson. Einnig lærðu þeir um merka staði og byggingar sem tengjast þinginu. Þessari vinnu lauk síðan með Reykjavíkurförð á fallegum vordegi þann 7. maí, þar sem lögð var áhersla á að kynna og upplifa þessa merku staði betur. Nemendur heimsóttu Alþingishúsið og þar kom vel í ljós að þeir höfðu tileinkað sér námsefnið vel þegar þeir voru spurðir út úr. Við förum einnig

## 4. bekkur

á glæsilega landnámssýningu á Minjasafni Reykjavíkur. Því næst var brunað á Bessastaði þar sem Bessastaðakirkja og Bessastaðstofa



var skoðuð hátt og lágt. Ferðin endaði svo á skautum í Egilshöll þar sem svangir ferðalangar gæddu sér á pizzu.

Ferðin gekk ljómandi vel, móttökur voru allsstaðar mjög góðar og börnin til fyrirmyndar.





# Fjölbreytt verkefni

## Útvarp Akranes

Laugardaginn 30. nóvember vorum við með 90 mínútna útvarpsþátt í Útvarpi Akranes. Krakkarnir útbjuggu efni sem flutt var í beinni útsendingu. Um var að ræða tónlistaratriði og fræðsluefni ásamt öðru frumsömdu skemmtiefni.

## Víkingar

Í vetur lærðum við um Eirík rauða, Leif heppna og víkingana á landnámstímanum. Við bjuggum til bók um víkingana, kápuna gerðum við í textílmennu en önnur verkefni gerðum við í bekkjartímum. Krakkarnir voru flestir mjög áhugasamir í víkingavinnunni og eru stoltir af afrakstrinum.



## 5. bekkur

### ABC

Í apríl gengu 5. bekkingar til góðs og söfnuðu peningum fyrir ABC barnahjálp. Söfnunarféð var 270.133 krónur og samtals söfnuðust 8,3 milljónir í söfnuninni um allt land. Söfnunarféð verður sent til Pakistan þar sem því verður varið til að ljúka byggingu fyrstu hæðar heimavistar fyrir skólastúlkur í heimavistarskóla ABC í Machike. Í heimavistarskólanum stunda 547 fátæk börn í 1. – 10. bekk nám.



## Náttúrufræði – Langisandur

Á námskeiðinu Grundó á Langó fengu nokkrir nemendur á miðstigi tækifæri til að rannsaka dýra- og plöntulíf við Langasand. Unnið var að uppýsingaspjaldi með upplýsingum um þær plöntur og dýr sem þrífast við sandinn.

Skiltið verður síðan sett upp við Langasand þar sem það mun upplýsa vegfarendur um lífríki sandsins og er liður í Bláfánaverkefni Akraneskaupstaðar.





# Heimsókn á bókasafnið

Í byrjun mars fengu nemendur boð Árnastofnunar að koma á fyrirlestur um bókagerð og ritun á miðöldum, á Bókasafni Akraness. Svanhildur María, safnakennari Árnastofnunar, tók á móti okkur. Hún sýndi krökkunum Flateyjarbók sem Brynjólfur biskup sendi Friðriki III Danakonungi, en hún var rituð af tveimur prestum, Jóni Þórðarsyni og Magnúsi Þórhallssyni og talin hin mesta gersemi. Einnig fræddi Svanhildur börnin um hvernig allt var unnið frá grunni s.s. kálfskinnið, litur og blek og hvernig fjöðrin var verkuð svo hægt væri að nota hana sem skriffæri. Mjög áhugaverð fræðsla sem tengist námi barnanna um Snorra Sturluson.

Börnin fengu einnig verklega kennslu sem fólst í að skrifa á kálfskinn með fjöðrum og bleki sem unnið var úr íslenskum jurtum s.s. sortulyngi. Þetta var ánægjuleg

## 6. bekkur

heimsókn og voru börnin alveg sérstaklega þrúð og fróðleiksfús.





# Líf og gleði í 7. bekk

**N**óg hefur verið að gera hjá okkur í 7. bekk í vetur. Við stöðum okkur einstaklega vel í samræmdum prófum sem við tókum í september og vorum við okkur og skólanum til sóma.

Í febrúar fórum við í fimm daga ferð í Reykjaskóla. Mikil tilhlökkun var í hópnum þegar við lögðum af stað mánudaginn 17. febrúar. Með okkur í ferðinni voru krakkar úr Grindavík og myndadist mikill og góður vinskapur milli skólanna. Ferðin var í alla staði frábær og voru unnir margir og stórir sigrar í þessari ferð. Allir komu gladdir og kátir heim.

Í byrjun apríl fengum við heimsókn frá Lilleskolen í Odense. Um var að ræða hóp af 23 nemendum og tveimur kennurum. Gistu krakkarnir hjá okkur í þrjár nætur og gekk það mjög vel. Við fórum á Akrafjallið, héldum pitsuparty og ball, fórum í ferð um Borgarfjörðinn og enduðum vikuna á íþróttamóti. Þetta voru virkilega skemmtilegir og lærdómsríkir dagar.

Þann 7. maí tókum við á móti 22 nemendum og tveimur kennurum frá vinabæ okkar í Færeyjum. Við erum orðin mjög góð í að taka

## 7. bekkur

á móti gestum. Við sýndum þeim skólann og fórum í útileiki í góða veðrinu. Óhætt er að segja að við séum búin að fá góða æfingu í að

tala hin ýmsu tungumál í vetur og einnig hefur þetta verið mikil lífsleikni fyrir okkur öll.

*Kær sumarkveðja,  
Nemendur og kennarar í 7.  
bekk.*





# Samvinna yngri og eldri nemenda

Ívetur hafa nemendur í 8. bekk unnið nokkur verkefni í samstarfi við nemendur á yngsta stigi. Eldri nemendur hafa þá miðlað þekkingu sinni til þeirra sem yngri eru. Í haust var áherslan lögð á plöntur. Nemendur í 8. bekk og 1. bekk tóku að sér verkefni fyrir Hekluskóga. Verkefnið fólst í því að tína birkifræ. Fræinu verður sáð í nágrenni Heklu til að verja landið fyrir mögulegum áföllum vegna öskufalls og til að endurheimta náttúrulegan birkiskóg og kjarrlendi. Einnig fóru þessir tveir árgangar í plöntusöfnunarleiðangur. Plönturnar voru notaðar í verkefni sem fer í síðan í stóru bókina. Verkefnið var unnið í samvinnu við umsjónarkennara 1. bekkjar.

Föstudaginn 25. apríl var dagur umhverfisins. Dagurinn byrjaði á því að nemendurnir fengu fræðslu um umhverfismál. Að því loknu fóru krakkarnir í 8. bekk og 2. bekk saman út og huguðu að umhverfinu sínu. Þeir röltu um

## 8. bekkur

hverfið og ræddu umhverfismál um leið og þau tindu rusl. Þegar þau komu til baka var ruslið vigtað og rúmmál þess fundið. Ruslið reyndist vera um 26 kg og um 1 rúmmetri.

Í þessum verkefnum sást vel hvað yngri og eldri nemendum finnst gaman að vinna saman.





# Ferð að Laugum í Sælingsdal

**D**agana 27. -30. apríl fórum við í 9. bekk í Ungmennna- og tómstundabúðirnar að Laugum í Sælingsdal.

Við vorum svo heppin að vera með krökkum úr Álftanesskóla og tókumst á við fjölbreytt námskeið sem öll eru til að stuðla að aukinni félagshæfni og jákvæðum samskiptum.

Ferðin heppnaðist í alla staði vel. Krakkarnir stóðu sig frábær-

## 9. bekkur

lega og voru mjög ánægðir með ferðina eins og myndirnar sýna.





# Lífstílsbraut í vali hjá unglingunum

Á lífstílsbraut er komið víða við eins og í lífinu sjálfu. Markmið brautarinnar er að nemendur læri að tileinka sér heilbrigðan lífstíl, hollt mataræði og sterka sjálfmynd. Valið er skipulagt þannig að nemendum er skipt í þrjú svæði sem eru hreyfing, samskipti/næringarfræði og heimilisfræði.

## Hreyfing:

Til að auðvelda nemendum að velja sér hreyfingu við hæfi hefur verið boðið upp á kynningartíma í ýmskonar hreyfingu eins og blaki, badminton, keilu, hot yoga, körfubolta, stöðvaþjálfun, metabolic boot camp, golfi, fjallgöngu, dansi, yoga, sundknattleik og hnefaleikum. Til að fá sem besta mynd af hverri gerð hreyfingar höfum við leitað út í bæ að fagfólki til kennslunnar og auk þess hafa kennarar bæði á lífstílsbrautinni og hér innanhúss í skólanum séð um kennsluna.

## Samskipti/næringarfræði:

Nemendur byggja ofan á það sem þeir hafa lært í næringarfræði og vörufræði. Nemendur hafa horft á fræðslufni og hlustað á fyrirlestra varðandi næringu og hollustu og unnið sjálfvalin verkefni, sem þeir velja hvernig þeir vinna og skila af sér. Undir lok annarinnar kynna þeir verkefnið fyrir samnemendum og kennara. Einnig höfum við farið í ýmsa leiki, æfingar og umræður um góð og heilbrigð samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu og umburðarlyndi.

## Heimilisfræði:

Í heimilisfræði er byggt á þeim grunni sem nemendur hafa tileinkað sér í heimilisfræði frá 1. bekk og uppúr. Nemendur elda rétti sem þeir borða í tímunum og baka til að taka með heim. Það er

tekið mið af straumum og stefnum í matreiðslu dagsins í dag í bland við eldri matreiðsluaðferðir. Tekið er mið af hollustu og að kaupa inn og elda á sem hagkvæmastan hátt. Kennarar skipuleggja hluta af tímunum en einnig skipuleggja nemendur „matarboð“ sem er þriggja rétta máltíð þar sem þeir gera innkaupalista, ákveða borðskraut og sjá um að matreiða og bera fram.



## Skráargatið - einfalt að velja hollara



Skráargatið er opinbert merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Markmiðið með Skráargatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru. Eftir áramótin hafa nemendur í 3.- 6. bekk verið að læra um Skráargatið sem Matvælastofnun

og embætti Landlæknis hafa tekið í notkun á Íslandi. Eftir að nemendur höfðu unnið ýmis verkefni og skoðað umbúðir sem tengjast notkun Skráargatsins var stórmað út í matvöruverslun til að skoða hvort auðvelt væri að finna Skráargatsmerktar vörur.

Á meðfylgjandi myndum má sjá áhugasama nemendur niðursökkna í leit að hollustuvörum.






# Akrafjall sóknarfæri til sköpunar

**H** Haustið 2013 fórum við af stað með verkefnið „Akrafjall sóknarfæri til sköpunar“ sem endaði með flottri sýningu á Vökudögum. Hópurinn fékk styrk frá Menningarráði Vesturlands og voru verkefnið unnin frá byrjun skóla haustið 2013 og fram að Vökudögum. Kennararnir spanna mörg svið listgreina; textíl, leirvinnu og myndlist. Markmið verkefnisins var að samþætta ólíkar listgreinar og stuðla að samvinnu nemenda og kennara óháð aldri og reynslu.

Helena Guttormsdóttir, listakona, var fengin til að vera leiðbeinandi hópsins. Verkefnið hófst með fyrirlestri hennar sem hjálpaði þátttakendum að hugsa út fyrir rammann og sjá Akrafjallið í nýju ljósi.

Verkefnið unnu saman sjö nemendur og fjórir kennarar úr Grundaskóla. Nemendurnir voru Guðný, Maron, Valfríður, Katarína, Dagný, Una, Linda og kennararnir voru Steinunn, Bryndís, Borghildur og Eygló. Hópurinn hittist alla þriðjudaga klukkan 16:00 – 18:00 og var



stundum lengur. Þetta voru dásamlegir tímar, afslappað andrúmsloft og alltaf boðið upp á veitingar.

Nemendurnir voru spurðir hvað þeim hafi fundist skemmtilegast við verkefnið, og sögðu þau að það hefði verið undirbúnings-

vinnan, að skipuleggja verkið, þróa hugmyndir, kynnst betur og hanga saman. Einnig fannst þeim skemmtilegt að eiga verk á sýningunni og sérstaklega skemmtilegt var þegar sýningin var opnuð því það kom svo margt fólk.





# Kveðja frá 10. bekk

Í vor lýkur okkar viðburðaríku skólagöngu hér í Grundaskóla. Í gegnum tíðina hafa margir kennarar þurft að ganga í gegnum þá erfiðu þolraun að kenna okkur. Þessar miklu hetjur eiga mikið hrós skilið fyrir að þola okkur í öll þessi ár, bæði andlega og líkamlega. Fyrstu kennarar árgangsins voru þær Elin Björk „Ella“ Davíðsdóttir, Erna Sigurðardóttir og Ásta Egilsdóttir.

Fyrstu árin voru mjög fljót að líða og margar skemmtilegar minningar skjótast upp í hugann þegar lítið er til baka. Í öðrum bekk tók Eyrún Þorleifsdóttir við af Ernu. Sigurveig Kristjánsdóttir tók við af Ástu í þriðja bekk, og árið eftir var Kristrún Dögg Marteinsdóttir búin að taka við af Sigurveigu, sem tórði bara út eitt skólaár. Hmmm, af hverju skyldi það hafa verið?

Í fjórða bekk var það mjög algengt að krakkar beittu öllum brögðum til að sleppa við að fara út í frímínútum, til dæmis að gera sér upp veikindi og fela sig fyrir skólalíðum og kennurum svo eitthvað sé nefnt.

Einn stærsti viðburður fjórða bekkjar var tvímælalaust endurgerð leikritsins Ávaxtakörfunnar, þar sem þriðji og fjórði bekkur voru sameinaðir í stóra leiksýningu. Þar fengu allir hlutverk og stóðu sig með stakri prýði – við erum jú ekki þekkt fyrir neitt annað! Allur fjórði bekkur fór líka til Reykjavíkur að skoða Alþingi, fórum á skauta,

og enduðum ferðina á Pizza Hut. Ekki slæmt það.

Þegar í fimmta bekk var komið, hafði lítið breyst en Christel tók við af Ellu. Það árið vorum við látin lesa bækur um forfeður okkar, þar á meðal Snorra Sturluson, Leif heppna og Eirík rauða. Berta Ellertsdóttir og Vala Valsdóttir tóku við af Eyrúnu í sjötta bekk. Þær voru nú bara mjög heppnar því þetta ár var bara nokkuð viðburðasnautt. Fyrir utan ferðina í Skorradal auðvitað, þar sem kennararnir þurftu svo sannarlega að hafa fyrir því að vinna vinnuna sína. Þar var líka haldin tiskusýning, og sagðar voru draugasögur sem hræddu mann og annan. Við krakkarnir vorum líka stórhneyksluð á því að stelpur og strákar mættu ekki vera saman í herbergi í þessari ferð.

Í sjöunda bekk var kennarateymið Christel, Valdís Sigurvins og Kristrún Dögg, en Valgarður tók við af henni í nóvember. Þennan vetur fórum við í Reykjaskóla og tókum þátt í stóru upplestrarkeppninni, þar sem Stefán Teitur vann frækinn sigur. Við tókum líka samræmd próf og gerðum bókina um Óskaveröldina. Ferðin í Reykjaskóla er enn þann dag í dag mjög eftirminnileg og skemmtileg. Þar fórum við meðal annars í tíma um fjármál, lærðum um sögu Íslands og skoðuðum byggðasafnið sem stendur við skólabúðirnar. Haldin var hárgreiðslukeppni, þar sem Daniel Hjörvar bar sigur úr

bitum, en það voru þær Jónsís, Karen, Thelma og Hjördis sem dressuðu hann upp og greiddu honum með þessum líka glæsibrag.

Koman í unglingadeildina var stórt stökk en okkar árgangur var vægast sagt illa liðinn af eldri nemendum af ýmsum ástæðum. Flosi Einarsson tók við af Valdísi Sigurvins og María Kristín „Maja Stína“ Óskarsdóttir tók við af Christel. Lítið var gert í áttunda bekk annað en að reyna að mannast. Við sóttum flest fermingarfræðslu eftir skóla á miðvikudögum, og það var vægast sagt mjög gaman, alltaf var líf og fjör í tímum og mikið hlegið.

Einnig var settur upp söngleikurinn Nornaveiðar undir stjórn Einars Viðarssonar, Flosa Einarssonar og Gunnars Sturlu Hervarssonar. Söngleikurinn hlaut góðar viðtökur, og lang flestum þótti hann mjög skemmtilegur.

Þegar í níunda bekk var komið urðu engin kennaraskipti, enda frábært kennarateymi þar á ferðinni og árgangurinn orðinn samheldnari og þroskaðri. Maja Stína þróaði nýtt refsingakerfi gegn símanotkun í tímum. Það kerfi virkaði ágætlega og fóru flestir eftir því, nema Maja sjálf. Þetta var kallað armbeygjukerfið. Það var svo einfalt að ef einhver fékk smáskilaboð eða símhringingu í tíma þurfti sá hinn sami að taka 25 armbeygjur, en talan var breytileg eftir því hver átti í hlut, því reglur eru breytilegar þegar Maja á í







hlut, það er staðreynd. Þetta kerfi dó svo út eftir að nemendur voru farnir að nýta sér það að horfa á Maju Stínu gera armbeygjur með því að hringja í hana og senda henni sms í tímum.

Lokaár okkar í Grundaskóla var bæðisþennandi og stressandi á sama tíma. Fyrsti hluti haustannarinnar fór í undirbúning fyrir samræmdu prófin. Hið árlega Malavíþema var haldið í Grundaskóla og gekk það vonum fram og fólk var mjög ánægt með það. Stærðfræðipema var næst á dagskrá og þar var árgöngum í unglingsdeildinni blandað saman. Vinnan fór mjög vel fram, og þótti kennurum og nemendum það ganga heilt yfir mjög vel.

Ekki má gleyma öllum íþróttamótunum á þessu skólaári, en þar fór 10. VLJ með sigur úr bitum á þeim öllum – ótrúlegt!!!! Hin árlega spurningakeppni var

haldin og þar vann 10. MKÓ í annað skiptið á tveimur árum – Ekki ótrúlegt!!!! en árið þar á undan vann 10. VLJ.

Hátónsbarkinn var haldinn og þar sigraði Aldís Eir Valgeirsdóttir fyrir Grundaskóla, og Aldís Ísabella Fannarsdóttir fyrir Brekkubæjarskóla. Árhátíð unglingsdeildarinnar var haldin þann 2. maí og var hún vægast sagt mögnuð, það er staðreynd. Þar sáu Steindi jr. og Auðunn Blöndal um að skemmta fólkinu á meðan á matnum stóð. Síðan tóku strákarnir í Basic House Effect við og þeyttu skífum langt fram eftir kvöldi. Þessi árhátíð var sú besta sem við höfum upplifað.

Lokaferðin var svo toppurinn á árinu hjá okkur. Við skelltum okkur í Þórsmörk og stoppuðum í leiðinni hjá Seljalandsfossi, þar á eftir löbbaðum við inn í

Stakkholtsgjá. Við gistum svo í tvær æðislegar nætur í Langadal í Þórsmörk, þar sem árgangurinn kynntist eiginlega alveg upp á nýtt. En... nóg um það – eða eins og Flosi segir “ what happens in Þórsmörk, stays in Þórsmörk“. Í lok ferðarinnar fórum við í River rafting í Hvítá, þar sem sumum var meira kalt en öðrum og aðrir dattu oft en aðrir í ána.

Hér ljúkum við þessari stuttu frásögn af þessari löngu skólagöngu okkar. Við viljum þakka öllum sem komu að skólagöngu okkar í öll þessi ár og fyrir að móta okkur sem einstaklinga. Við óskum komandi kynslóðum skólans velgengni í námi og starfi og vonandi hjálpast þær að og gera skólann að enn betri stað en áður.

Svo má auðvitað ekki gleyma því að þakka foreldrum okkar að hafa þolað okkur í öll þessi ár.

Takk fyrir okkur.







## Skólakór Grundaskóla og Tónlistarhópur miðstigsins

**S**kólakór Grundaskóla var starfræktur í vetur líkt og verið hefur undanfarin ár. Nemendum í 3. og 4. bekk stóð til boða að syngja með kórnum og voru æfingar einu sinni í viku. Rúmlega 25 nemendur tóku þátt í kórnum í vetur og var nokkur fjölgun á strákum frá því í fyrra. Stefnan er að fá enn fleiri stráka í kórinna enda margir efnilegir söngvararar í skólanum okkar.

Skólakórinn tók þátt í ýmsum viðburðum á skólaárinu. Krakkarnir komu fram á stórum samsöng í íþróttahúsinu, þau tóku þátt í fjölskyldusöngstund á Vökudögum og sungu á jólatónleikum með Karlakórnum Svönum í Tónbergi. Einnig komu þau fram á litlu jólunum, árshátíð og fóru í heimsókn á Dvalarheimilið Höfða.

Undanfarna vetur hefur verið starfandi kór fyrir nemendur á miðstigi. Í ár var gerð tilraun með að breyta aðeins áherslum í kórstarfinu og bjóða nemendum að spila á hljóðfæri og syngja í hljóðnema. Um 20 krakkar tóku þátt í starfinu með tónlistarhópnum og komu þau fram á samveru í tilefni af Degi íslenskrar tungu í nóvember. Einnig tóku þau þátt í áður nefndum jólatónleikum með Karlakórnum Svönum, auk þess að heimsækja alla leikskóla bæjarins og bæjarskrifstofuna með jólagjöf frá Grundaskóla.

Á vorönn kom tónlistarhópurinn fram á árshátíð skólans og tókst það atriði vel í alla staði. Þá voru einnig tekin upp myndbönd með tónlistarflutningi hópsins.

Umsjón með Skólakór Grundaskóla og Tónlistarhópi miðstigsins hefur Valgerður Jónsdóttir, tónmenntakennari.

Þátttaka í kórnum og öðru tónlistarstarfi gefur nemendum heilmikið. Þau læra fjöldann allan af lögum og textum á íslensku og öðrum tungumálum auk þess að öðlast færni í söng og hljóðfæraleik. Þau læra að vinna saman, taka tillit, virða æfingatímann og efla sjálfstraustið í leiðinni. Mest um vert er að þau fá góða upplifun af tónlist og tækifæri til að njóta sín í gegnum tónlistina.

## Örugg í umferðinni

**Í**febrúar gaf Grundaskóli öllum nemendum í 1. - 4. bekk endurskinsvesti merkt skólanum. Með þessu vill skólinn minna á mikilvægi þess að sjást vel í skammdeginu og langar að leggja sitt af mörkum til að gera nemendur öruggari í umferðinni. Á næsta skólaári munu svo fyrstu bekkingar fá gefins vesti frá skólanum til að nota í umferðinni.





# Náttúrufræðikennslan á unglíngastigi

**H** Haustið byrjaði á mikilli úti-  
kennslu. Nemendur fóru  
í vettvangsferðir, ratleiki  
og verkefni með yngri nemendum.  
Þegar leið á veturinn fengum við  
nýja náttúrufræðistofu. Stofan  
hefur gefið okkur aukin tækifæri  
til að tengja verklega kennslu við  
bóklegt nám. Auk þess höfum við  
nýtt Ípada í kennslunni til að gera  
verkefni, sýndartilraunir og ná í  
upplýsingar á netið. Eins og sjá má  
á þessum myndum er oft líf og fjör  
í náttúrufræðitímum.





# Árshátíð Grundaskóla 2014



*Meðfylgjandi eru svipmyndir frá árshátíð Grundaskóla 2014. Þær sýna að hér er óendanlegur efniviður sem mun halda merki Akraness hátt á lofti um ókomin ár.*





# Skólahreysti

Á síðasta ári náði Grundaskóli 6. sæti í Skólahreysti sem er frábær árangur og var stefnan í ár að reyna að gera aðeins betur. Í kringum 30 krakkar byrjuðu að æfa í byrjun október og var áhuginn mikill. Um áramótin var hópurinn svo komin niður í 15 nemendur sem æfðu af krafti. Þau lögðu mikið á sig og ætluðu sér að standa sig. Undankeppnin fór fram í lok mars og voru það 6 nemendur sem tóku þátt í því. Það voru þau Birna Sjöfn, Júlía Björk, Helgi og Eidur sem kepptu fyrir Grundaskóla. Varamenn voru Linda og Sindri Snær.

Mikil stemning var í skólanum og mættu yfir 100 nemendur í Kópavoginn til að styðja

krakkana. Þau stóðu sig gríðarlega vel og var markmiðinu náð, Grundaskóli komst í úrslitakeppnina í Laugardalshöll. Sú keppni fór fram um miðjan maí og æfði hópurinn sig stíft fram að þeirri keppni.

Keppnin í Laugardalshöll var okkar krökkum erfið, þau höfðu komið heim kvöldið áður úr lokaverð sinni úr Þórsmörk og sáum við strax mikil þreytumerki hjá þeim. Þau gerðu þó sitt besta og lögðu sig fram en orkan var ekki jafnmikil og þau hefðu viljað hafa í keppninni. En samt sem áður frábærir keppendur sem voru sér og sínum skóla til sóma.

*Áfram Grundaskóli*



## Nýtt met í þríþraut

Á vordögum fór fram þríþraut í unglingsdeildinni. Þátttakendur voru 22, 14 strákar og 8 stelpur. Í þríþraut hjóla nemendur stóran hring um bæinn, hlaupa fjóra stóra hringi í skógræktinni og synda 200 metra.

Keppnin var æsispennandi og stóðu nemendur sig mjög vel. Sigurvegari í stelpnaflokki var Júlía Björk Gunnarsdóttir á tímanum 33:38 en það er nýtt skólamet. Veronica Líf Þórðardóttir átti fyrra metið. Í öðru sæti var Brynhildur Traustadóttir og í þriðja sæti var Karen Rut Finnbogadóttir.

Í strákaflokki var Sigurður Grétar Gunnarsson sigurvegari en hann var einungis 28 sekúndum frá skólameti Kristins Gauta Gunnarssonar, en það hefur staðið í nokkur ár. Tími Sigurðar var 30:28. Í öðru sæti var Ólafur Tryggvi Eliasson og í þriðja sæti var Arnór Sigurðsson. Það eru því systkinin Júlía Björk og Kristinn Gauti sem eiga skólametið og við óskum þeim hjartanlega til hamingju.





# Hjólað fyrir Hvalfjörð

Að morgni 30. maí lagði frískur hópur af stað í hjólaferð fyrir Hvalfjörð. Slíkar hjólaferðir hafa verið árlegt verkefni á vorin og í ár var engin undantekning. Með í för var frískur hópur foreldra og að sjálfsgöðu var öllum öryggisreglum fylgt.

Við leyfum nokkrum myndum af hjólaferðinni að fylgja með hér.





# Fræðsla um reiðhjól

Víkuna fyrir hjólatíma í íþróttum flakkaði reiðhjól á milli bekkja á yngsta stigi. Hjólinu fylgdi lítill kennslupakki fyrir eina kennslustund þar sem farið var yfir allt það helsta sem þarf að vera á hverju hjóli. Einnig var farið yfir helstu reglur sem skipta máli þegar maður hjólar á reiðhjóli t.d. ef gangandi vegfarandi er framundan og ætlunin er að taka framúr, þá þarf að hægja á sér og hringja bjöllunni kurteislega í hæfilegri fjarlægð.

Einnig budum við nemendum í 8.- 10. bekk að fara á svokallað Hjólafærninámskeið hjá [www.hjol-faerri.is](http://www.hjol-faerri.is) sem haldið var í apríl. Þar lærðu nemendur allt það helsta sem þarf að hafa í huga við almennt viðhald á reiðhjóli, einnig lærðu þeir að yfirfara hjólin og skoða þau eftir ákveðnum gátlissta. Nemendur lærðu ýmislegt í tengslum við reiðhjólid og hjálminn eins og hvernig er best að stilla hjálminn og hnakkinn. Þeir lærðu ýmislegt í tengslum við

bremsurnar, girana og keðjuna svo eitthvað sé nefnt. Þannig voru nemendur þjálfaðir við að aðstoða við hjólatímana sem þeir gerðu.

Til eru ýmsar útfærslur á hjóladögum og okkar útfærsla í ár var tilraunarverkefni. Við fengum íþróttakennara með okkur og nemendur mættu á hjólum og með reiðhjólaljálmi og vesti í tvo íþróttatíma, þannig að við vorum í raun með hjóladaga í heila viku. Fyrri tíminn fór í að fara yfir ástandið á hjólinu, pumpa, smyrja, þrifa og svo var hjólið skoðað vandlega. Einnig voru hjálmar stilltir rétt. Seinni tíminn fór í hjólaleiki og þrautabraut undir stjórn íþróttakennara og unglingarnir úr hjólafærninámskeiðinu aðstoðuðu nemendur í þrautabrautinni.

Að sögn nemenda og íþróttakennara þá fannst þeim þetta skemmtileg nýjung, tímarnir gengu vel fyrir sig og ekki var annað að sjá en að ánægjan skini af andlitum nemenda.





# Pistill frá nemendaráði

Mikið var uppi á teningnum þetta skólaárið og var í ýmsu að snúast fyrir Nemendaráð Grundaskóla.

Nemendaráðið var skipað 18 nemendum úr unglingadeildinni. Í þeim hópi var formaður og varaformaður en þeir voru kosnir í kosningum sem allir nemendur í 7. - 9. bekk tóku þátt í vorið 2013. Aðrir meðlimir ráðsins komu frá öllum bekkjum unglingadeildar, þ.e.a.s. tveir úr hverjum bekk.

Skólaárið fór vel af stað með sameiginlegu busaballi þar sem við buðum 2000 árganginn velkominn í unglingadeildina.

Á milli stærri viðburða héldum við minni atburði innan veggja skólans, þar má nefna spurningakeppni þar sem 10. MKÓ fór með sigur úr býtum. Einnig héldum við þrjú íþróttamót. Fyrsta mótið var hið árlega Húllumhæ mót. Á Húllumhæ er keppt í allskyns óhefðbundnum greinum og endaði 10. VLJ sem sigurlíð mótsins. Því næst héldum við knattspyrnumót og endaði úrvalsið 8. bekkjar sem sigurvegari í stúlknaflökki og 10. VLJ hjá strákunum. Síðasta mótið var svo Paintball mót en Þá er paintball einskonar liðaskotbolti með áhöldum á vellinum. Sigurganga 10.VLJ hélt áfram og urðu þeir paintball meistarar þetta árið.

Málþing Grundaskóla fór fram í febrúar á þessu ári þar sem allir

fulltrúar í NFG ásamt fulltrúum úr sjöunda bekk fóru með ræður. Hrósað var fyrir þemavinnuna, samvinnuna á milli aldurstiga, hreyfidagatalið, hversu góðir kennararnir eru og margt fleira. Það var líka bent á marga hluti sem mátti laga eins og að skóhornin eru ekki alltaf á réttum stað, það mætti nýta lóðina sem við eigum betur, fá nýja stóla og ný borð, laga inngang unglingadeildar og fleira.

Þann 2. maí héldum við svo sameiginlega árshátíð með nemendafélagi Brekkubæjarskóla og fór hún fram úr okkar björtustu vonum. Þar spilaði elsku Systa okkar úr eldhúsinu stórt hlutverk ásamt þeim Katrínu Leifs, Dóðó og Halldóru Árna og hefði árshátíðin ekki verið sú sama án þeirra. Við í NFG fengum meist-



arana Auðunn Blöndal og Steinda jr. til að halda uppi fjörinu og það gerðu þeir með stakri þryði. Eftir þeim mættu félagarnir í BasicHouseEffect til að þeyta skífum á dansleiknum.

Nemendaráð Grundaskóla þakkar fyrir sig og óskar verðandi nemendaráði góðs gengis við störf þeirra á næsta ári.





# Stór samsöngur

**H**átt í 1000 raddir hljóma svo undir tekur í íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum. Þær syngja ýmis vinsæl lög auk þess sem heyra má gamla smelli inn á milli. Raddirnar tilheyra fólki á aldrinum 3 ára og uppúr og viðburðurinn sem um ræðir kallast Stór samsöngur. Stór samsöngur er með stærri viðburðum skólalífsins í Grundaskóla. Stór samsöngur er að jafnaði haldinn þrisvar sinnum

á hverju skólaári, að hausti og vori auk jólasamsöngs á adventunni. Þá koma allir nemendur skólans saman í íþróttasalnum ásamt gestum frá leikskólum bæjarins, foreldrum og öðrum áhugasömum.

Nemendur á ýmsum aldri standa á sviðinu og leiða sönginn til skiptis með aðstoð kennara og Skólakórinn tekur virkan þátt í að leiða söng og hreyfingar við



fyrstu lögin og allir leggja sig fram. Við tókum stundum upp á því að dansa saman og á vorsamsöngnum í ár sáu þrjár stelpur úr 9. bekk um að kenna nokkur spor sem allir dönsuðu af miklum ákafa. Í lokin er Skólasöngur Grundaskóla, Vináttusöngurinn úr söngleiknum Frelsi, sunginn og nemendur leggja handleggina yfir axlir hvers annars og rugga sér með söngnum. Góð stemmning og ekki laust við að samkenndin láti á sér kræla í takt við tónlistina.

*Valgerður Jónsdóttir*





# Stærðfræðikeppni grunnskólanna

Árleg stærðfræðikeppni fyrir nemendur áttundu, níundu og tíundu bekkja á Vesturlandi var haldin þriðjudaginn 11. mars í Fjölbrautaskóla Vesturlands. Eins og undanfarin ár var keppnin kostuð af Norðuráli ehf. Keppnisgögnin voru búin til af kennurum skólans. Föstudaginn 11. apríl var athöfn á sal Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi þar sem afhentar voru viðurkenningar fyrir góðan árangur í keppninni. Þeim tíu efstu úr hverjum árgangi var boðið að koma og taka við viðurkenningarskjöllum.

Góð þátttaka var í keppninni í ár og hér á eftir er listi yfir þá nemendur úr Grundaskóla sem voru í hópi 10 efstu í hverjum árgangi. Þeir sem voru í sætum 4 til 10 eru taldir upp í stafrófsröð.

## 8. bekkur

- Bjartur Finnbogason, Grundaskóla, 1. sæti
- Andri Freyr Eggertsson, Grundaskóla, 4. til 10. sæti
- Kristmann Dagur Einarsson, Grundaskóla, 4. til 10. sæti

## 9. bekkur

- Sveinn Logi Kristinsson, Grundaskóla, 4. til 10. sæti

## 10. bekkur

- Anna Chukwunonso Eze, Grundaskóla, 2. sæti
- Árni Teitur Lindal Prastarson, Grundaskóla, 4. til 10. sæti
- Sindri Þór Harðarson, Grundaskóla, 4. til 10. sæti





# Svíþjóðarheimsókn

Dagana 19.-24. maí fóru 6 krakkar úr Grundaskóla og Brekkubæjarskóla til Stokkhólms í Svíþjóð til að taka þátt í tónlistarverkefni í samvinnu við Kungsklippeskolan sem staðsettur er í Huddinge, úthverfi Stokkhólms. Þetta voru þau Aldís Eir, Ingibjörg Elín og Eiður úr Grundaskóla og Aldís Ísabella, Olga og Ari úr Brekkubæjarskóla. Með þeim fóru kennararnir Flosi, Heiðrún og Sammi. Þetta er í fimmta skipti sem slík heimsókn fer fram en þessi samvinna er tilkomin vegna samstarfs sem komst á milli Flosa og þriggja kennara í Comeniusarverkefni sem endaði með söngleiknum Draumaleit 2007. Það kom í ljós að skólarnir á Akranesi og Kungsklippeskolan eru með svipaðar áherslur í tónlistarkennslu þar sem mikið er lagt upp úr að kenna krökkum á hefðbundin rokkhljóðfæri eins og gítara, bassa, hljómborð og trommur auk blásturshljóðfæra og síðan er söngkennslan á sínum stað. Báðir skólarnir leggja mikið upp úr samspili og reglulega eru haldnir tónleikar þar sem nemendur koma fram. Á Akranesi er svokallað tónlistarval grunnskólanna sem stendur fyrir tvennum tónleikum á hverju skólaári auk þess sem tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir fer fram á Vökudögum.

Sú hefð hefur komist á að sænsku kennararnir heimsækja Akranes ásamt 6-7 nemendum til að taka þátt í Ungir-Gamlir verkefninu en íslensku krakkarnir fara síðan í maí til Stokkhólms til að taka þátt í sambærilegum tónleikum með sænsku krökkunum. Það er skemmst frá því að segja að þessi samskipti hafa tekist frábærlega í samvinnu á tónlistarsviðinu auk þess sem krakkarnir hafa kynnst vel og notið þess að læra hvert af öðru.

Ferðin tókst frábærlega vel eins og reyndar alltaf og íslensku krakk-



arnir stóðu sig með miklum sóma í öllu sem þau tóku sér fyrir hendur. Dagskráin var löng og ströng þar sem þrotlausar æfingar voru í tvo daga og síðan fóru tónleikarnir fram á þriðja degi og voru það tvennir tónleikar þar sem fullt var út úr dyrum. Íslensku krakkarnir fluttu þrjú lög sem þau höfðu að mestu leyti útsett og æft sjálf en tóku líka þátt í samspili með sænsku jafnöldrum sínum.

Einnig fengu þau útrás í frítíma sínum því þeim var boðið í Gröna Lund, sem er stórt tívoli í Stokkhólmi en þangað fóru þau í fylgd sænskra krakka og allir

skemmtu sér konunglega. Einnig fóru þau á tónleika sem fram fóru í beinni útsendingu frá sænska ríkisútvarpinu en þar var eiginlega rjóminn af því besta í sænski rokk- og popptónlist.

Að sjálfsgöðu kíktu þau síðan á sænsku konungshöllina og gamla bæinn í miðborg Stokkhólms auk þess sem aðeins var kíkt í búðir.

Þetta var mikil ævintýraferð og allir koma heim reynslunni ríkari og vonandi verður þetta til þess að viðkomandi leggi ennþá meira á sig til að ná langt á sviði tónlistarinnar.





# Ungir – Gamli

## Tónleikar í Bíóhöllinni þann 31.10.2013

Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir sem er samvinnuverkefni Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og Tónlistarskóla Akraness, hefur verið fastur liður í menningarlífi Skagamanna síðan haustið 2006. Markmiðið með verkefninu er að gefa ungum tónlistarmönnum á Akranesi tækifæri til að vinna með reyndu tónlistarfólki sem vonandi eykja áhuga nemenda á að ná lengra á sviði tónlistarinnar.

Í gegnum tíðina hafa margir landsþekktir tónlistarmenn lagt verkefninu lið og þar má nefna

Eirík Hauksson, Heru Björk Þórhallsdóttur, Andreu Gylfadóttur, Magna Ásgeirsson, Jón Jónsson, Valgeir Guðjónsson, Kristjönu Stefánsdóttur, Jónas Sigurðsson og svona mætti lengi telja.

Einnig hefur komist á sú hefð að sænskir nemendur frá Kungsklippekolan í Stokkhólmi hafa árlega heimsótt Akranes til að taka þátt í tónleikunum. Að sama skapi hafa íslenskir nemendur einnig heimsótt Svíþjóð til að taka þátt í sambærilegu verkefni þar.



Ungir-Gamlir tónleikarnir fara alltaf fram á síðasta fimmtudegi í október, í upphafi Vökudaga. Verkefnið er þannig unnið að efnilegir tónlistarnemendur skrá sig til þátttöku í verkefninu og æfa stíft frá skólabyrjun fram að tónleikunum. Síðustu vikuna fyrir tónleikana er boðið upp á ýmis námskeið sem eru í höndum kennara tónlistarvals skólanna en einnig koma þekktir tónlistarmenn við sögu sem leiðbeina nemendum einnig um ýmislegt sem tengist hljóðfæraleik, söng og sviðsframkomu. Einnig hefur komist á sú hefð að útskrifaðir





nemendur sem haldið hafa áfram í tónlist hjálpa einnig til við tónleikana.

Áð þessu sinni fengum við til liðs við okkur þá Pétur Guðmundsson og Matthías Matthíasson sem kannski eru þekktastir fyrir hljómsveit sína Dúndurfréttir ásamt því að hafa báðir verið iðnir við að keppa í Eurovision fyrir Íslands hönd ýmist sem flytjendur eða lagahöfundar. Skemmst er frá því að segja að þeir félagarnir stóðu sig með miklum sóma hvort sem þeir voru að aðstoða nemendur með því að spila með þeim eða syngja bakraddir.

Tónleikarnir í ár fóru fram í Bíóhöllinni á Akranesi þann 31. október. Eins og venjulega



voru tvennir tónleikar og var fullt út úr húsi á þeim báðum og færri komust að en vildu. Krakkarnir okkar stóðu sig frábærlega og fjölbreytt atriði litu dagsins ljós.

Það er ljóst að margir efnilegir söngvarar og hljóðfæraleikarar fyrirfinnst í skólunum á Akranesi og framtíðin er björt í tónlistarlífi Skagamanna.

## Tónleikar 6. og 7. bekkinga

Á síðasta skólaári var gerð tilraun með að bjóða nemendum í 6. og 7. bekk að taka þátt í tónleikum undir lok vorannar. Nemendur æfðu sig að spila í hljómsveitum og léku svo á tónleikum fyrir yngsta- og miðstig auk þess sem haldnir voru tónleikar fyrir aðstandendur nemendanna. Þessi tilraun tókst mjög vel og því var leikurinn endurtekinn nú í vor og stefnt er á að gera tónleika sem þessa að árlegum viðburði á miðstiginu.

Það er gaman að sjá hvað þetta verkefni hefur hvetjandi áhrif á krakkana enda geta allir sem hafa áhuga verið með og ekki er skilyrði að kunna að spila á hljóðfæri. Öllum er fundið hlutverk eftir getu og áhuga og stoltið skín úr augum nemenda þegar þau standa á sviðinu og leyfa öðrum að heyra afrakstur æfinganna.

Umsjón með tónleikum 6. og 7. bekkinga hafa þau Valgerður Jónsdóttir, Samúel Þorsteinsson og Gunnar Sturla Hervarsson.





# Útskrift og Grundaskóla

Miðvikudaginn 4. júní fór skólans við útskrift 10 Grundaskóla skólans



P  
Ú  
L  
S  
I  
Z  
Z



# g skólaslit kóla 2014

fram hátíðleg athöfn á sal  
. bekkinga og skólaslit  
aárið 2013-2014.



ÞÚ  
S  
-  
Z



# Vordagar í Grundaskóla



Sumir segja að það sé ekkert að gera í skólum á vorin en það er að sjálfsgöðu tóm vitleysa. Á vordögum bretta menn upp ermar og gera ýmsa hluti sem leyfa mikla útiveru, reyna á samstarf aldurshópa og þarfnast ekki hefðbundinna kennslubóka.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá vordögum í Grundaskóla.







Arndís Halla  
Jóhannesdóttir, B.Ed  
í þroskaþjálfafraeðum:

## Þroskaþjálfari í Grundaskóla

Þroskaþjálfari beitir fagþekkingu sinni í því skyni að aðstoða einstaklinga við að bæta lífsskilyrði og lífsgæði sín.

Starf mitt í vetur í Grundaskóla má segja að hafi verið þrjúþætt.

Að taka á móti nemanda í 1. bekk sem er með fjölfötulun og var markmið vetrarins að hefja undirbúning á að aðlaga skólann að nemandanum. Skólinn hefur ekki áður tekið á móti nemanda með svo miklar sérþarfir og því er í mörg horn að líta varðandi undirbúning.

Ráðgjöf og fræðsla til starfsfólks skólans. Í vetur var ég með fræðslu um hegðunarraskanir og um einhverfu og skynúrvinnslu. Einnig sinni ég einstaklingsráðgjöf til kennara varðandi ákveðna nemendur eða annað skipulag í bekknum sem getur komið sér vel fyrir þau börn sem nýta sér óhefðbundnari kennsluhætti en almennt er.



Vinna með nemendur sem eiga erfitt með, af einhverjum orsökum, að fylgja skipulagi bekkjarins eða geta betur nýtt sér önnur og sérhæfðari úrræði til náms.

Lykillinn á bak við störf þroskaþjálfara er að mæta þörfum barnsins svo það fái það sem þarf til að geta þroskast og dafnað á sínum forsendum.

Ef barn lærir ekki eftir þeim aðferðum sem við notum þá er ekkert annað að gera fyrir okkur fullorðna fólkið en að finna aðra leið sem virkar!





# Fyrsta árgangsmótið

Höfundur: Anna Chukwunonso Eze

**K**omiði sæl og blessuð. Það er nú aldeilis blessuð bliðan. Já, vedrið er fint og sólin skín í heidi þó að dagurinn hafi í sjálfu sér ekki verið svo góður, alla vega ekki frá mínu sjónarhorni. Ég heiti Hans og er tuttugu og eins árs. Á þessari stundu er ég á hraðri niðurleið, nánar tiltekið þá er ég að hrapa. Ég skal segja ykkur frá því hvernig ég komst í þessar hræðilegu aðstæður.



Þetta byrjaði allt saman á árgangsmótinu okkar fyrr í sumar. Ég hafði lengi beðið spenntur eftir því að sjá alla krakkana aftur til að sjá hvernig ræst hafði úr þeim á þessum stutta tíma. Ég og Kristján bestu vinur minn, eða Stjáni eins og ég hef alltaf kallað hann, vorum að gera okkur til fyrir ballið þegar að Ragna, gömul kærasta hringdi í mig. Hún öskraði í tólið að ég ætti bara að hætta þessum djöfulsins látum og þessu kjaftæði og að ég skyldi bara gjöra svo vel að láta sig vera. Mér gafst enginn tími til að útskýra að ég hefði ekki hugmynd um hvað hún væri að tala því hún skellti strax á. Ég stóð þarna stjarkur og vissi ekki hvernig ég ætti að vera en ákvað að best væri að tala bara við hana þegar við myndum hittast á ballinu.

Ég verð alltaf rólegri við að lesa örlítið í bók svo ég gekk að gamalli eikarbókahillu í herberginu hans Stjána. Hillan leit út fyrir að vera við það að detta í sundur. Ég tók fram verk eftir Hemingway en þá datt gríðarstór plöntubók niður úr hillunni og beint á tærnar á mér. Sársaukinn var óbærilegur og Stjáni sagðist verða að fara með mig á slysó. Ég samsinnti því. Þegar þangað var komið og ljóst að ég yrði að vera þar í dagóðan tíma, sagði ég Stjána að fara á ballið og ég myndi hitta hann þar. Hins vegar komst ég aldrei á ballið því

að þetta tók allt svo langan tíma þar sem í ljós kom að þrjár tær voru brotnar.

Tveimur dögum síðar fékk ég fréttir af því að Ragna væri dain og að hún hefði framið sjálfsmorð. Hún hengdi sig. Höfuðið á mér fór á flakk en aldrei þessu vant datt mér ekkert í hug sem gæti útskýrt þetta. Nei, ég hafði ekki einu sinni lausn á því af hverju hún hafði hringt í mig eða hvað hún hafði verið að meina. Stjáni sagðist hafa reynt að finna hana á ballinu en hún hafði víst aldrei mætt.

Ég fór í jarðarförina sem var nokkrum dögum seinna. Foreldrar Rögnu höfðu látist í bílslysi fyrir tólf árum og upp frá því hafði hún verið hjá aldri ömmu sinni. Hún Didda gamla var löngu farin að tapa glórunni og var viss um að við Ragna værum ennþá saman svo hún bauð mér að vera við kistulagninguna sem var rétt á undan jarðarförinni sjálfri.

Það var allt svo fallett og friðsælt inni í kirkjunni en þegar ég stóð þarna yfir Rögnu tók ég eftir nokkru frekar furðulegu. Það var ekki það að um hálsinn á hennar var vafinn klútur til að fela sárin, heldur sá ég að hún var útötuð í alls konar örðum. Það var eitthvað uppi í nefinu á henni og eins í hárinu. Lalli föðurbróðir Rögnu kom að mér og ég benti honum

á þetta. Hann Lárus er nefnilega í rannsóknarlögreglunni og hann fór strax að gruna að ekki væri allt með felldu. Lalli hringdi nokkur símtöl og undir eins var blessuð jarðarförin slegin af og Ragna var send í nánari rannsókn. Mér leist ekkert á að skilja hana Diddu eftir í allri þessari ringulreið svo ég fór með hana heim til sín. Didda bjó í blokk, ekki svo langt rá kirkjunni svo mér fannst það vera hentugast að ganga þangað í síðdegissólinni. Veð gengum meðfram spegilsléttum sjónum Þetta var fallegur dagur. Það var allt mér að kenna að greyið konan fékk ekki að jarða veslings barnabarnið sitt. Mér fannst ég verða að segja eitthvað við hana en datt ekkert gáfulegt í hug. „Hún var frábær stelpa ...hún Ragna“, náði ég að stama upp úr mér. „Já hún var það, elskulegur. Synd að hún hafi ekki viljað taka aftur saman við þig, þú sem varst stöðugt að hringja í hana.“ Þarna var greyið konan aftur farin að rugla en samt fór þetta á einhvern hátt saman við það sem Ragna hafði sagt við mig síðast þegar að ég heyrði í henni.

Það var einhverju síðar að lögreglan komst að því að brögd höfðu verið í tafla. Á líki Rögnu höfðu fundist örður af alls kyns jurtum sem voru í sjálfum sér ekkert merkilegar en þegar að þær eru sodnar saman verða þær að kröftugu deyfingarlyfi. Fyrst að Ragna hafði ekki verið í neinu svokölluðu rugli og hafði bara verið einstaklega venjulegur félagsfræðinemi, fór fólk að gruna að um morð hefði verið að ræða. En hvern skyldi hafa langað að myrða Rögnu sem var svo yndisleg við allt og alla?

Vikurnar liðu en ekkert gerðist hvað málið varðaði. Enginn hafði minnsta grun um af hverju eitthvað jurtareyk var á líkinu. Tíminn virtist standa í stað. Stjána leist ekkert á hvað þetta var að gera



mér. Ég hugsaði einfaldlega ekki um neitt annað en Rögnu og morðið. „Hvað segirðu um að taka þér smá frí og við skellum okkur í ferðalag, jafnvel um allan heiminn?“, sagði Stjáni. Mér leist satt að segja lítið á það en “what the heck”, af hverju ekki? Það var ekki eins og ég hefði eitthvað betra við tímann að gera.

Við byrjuðum að skipuleggja ferðalagið en þremur vikum fyrir brottför var okkur tilkynnt að tvíbúrasystir Stjána, hún Díana, hafði verið myrt! Fyrst hafði þetta líka lítið út fyrir að vera sjálfsvíg eða að hún hefði drekkt sér en við nánari rannsókn kom í ljós að hún hafði tekið inn nákvæmlega sömu mixtúru og Ragna. Lögreglan var nú sífellt að banka upp á hjá bæði mér og Stjána til að athuga hvort við vissum eitthvað sem gæti hjálpað til við rannsóknina. Stjáni sagðist ekki getað þolað þetta lengur og að hann vildi helst bara vera látinn í friðið og að við skyldum víst fara í þessa fjandans heimsreisu. Ég vissi að það þýddi lítið að fara að rifast við hann og að hann myndi fara þó að ég hætti við. Ef ég færi með, gæti ég að minnsta kosti fylgst með honum.

Á leiðinni á flugvöllinn hafði ég einhverja ónotatilfinningu í maganum. Mér fannst eitthvað vera eins og það ætti ekki að vera þegar við keyrðum Reykjanesbrautina. Það var kannski fullkomlega eðlilegt fyrst ég var að fara í einhverja bálvaða heimsreisu með vini mínum sem hafði misst systur sína fyrir stuttu.

Í Leifsstöð hitti ég Rut, gamla skólasystur, á meðan að Stjáni skaust á klósettið og skildi mig einan eftir. Rut og Ragna höfðu verið óaðskiljanlegar í grunnskóla og ég vissi ekki betur en að þær hefðu haldið sambandi eftir útskrift. Ég heilsaði henni og við fórum að spjalla saman. Auðvitað barst talið að Rögnu. Hún sagðist alltaf hafa efast um að þetta hefði verið sjálfsvíg. Hún sagði að Ragna hefði meira að segja verið í frábæru stuði þegar þær hittust á árgangsmótinu. „Ha! Hittust þið? Kristján sagði að hún hefði ekki

mætt“, sagði ég undrandi. „Nei, ég mætti henni þegar að ég kom inn. Þá kallaði einhver maður í hana og hún hvarf út. Kristján sá ég hins vegar ekki á ballinu“, svaraði hún. Í því kom Stjáni hlaupandi út af karlklósettinu og benti á klukku uppi á vegg. Við vorum við það að missa af fluginu okkar svo við hlupum í átt að flugvélinni. Ég gleymdi að kveðja Rut og steingleymdi að spyrja Stjána frekar út í það hvað í ósköpunum gerðist þetta kvöld.

Fyrsta stoppið okkar var í Dubai. Ég var orðinn frekar stressaður um leið og við lentum því við höfðum ákveðið að fara í fallhlífarkökk. „Hvað í fjandanum erum við búnir að koma okkur út í?“, sagði Stjáni þegar hann rétti mér bakpokana okkar með fallhlífum. „Þú átt þennan og ég á hinn“, sagði hann en eins og vanalega hlustaði ég ekkert á hann og tók bara einhvern bakpoka.

Við vorum komnir upp í þó nokkra hæð og búnir að festa okkur við leiðbeinadann okkar þegar ég spurði Stjána hvað hafði í raun og veru gerst á árgangsmótinu þar sem sagan hans og Rutar fóru ekki alveg saman. „Já, hahaha, þú meinar“ sagði hann. Þá fór hann að segja mér söguna af því hvað raunverulega gerðist.

Frá því að við vorum litlir hafði hann alltaf verið öfundsjúkur út í mig. Þó að við hefðum verið eins og einn maður, hélt fólk alltaf meira upp á mig. Hann hafði sætt sig við það því við vorum jú eins og einn maður. Þetta hafði hins vegar orðið allt of mikið þegar fór að nálgast þetta árgangsmót. Það voru fimm ár liðin síðan að við útskrifuðumst úr grunnskóla og hann hafði ekki afrekað neitt en



ég hafði aftur á móti dúxað í framhaldsskóla og hafið lögfræðináms. „Ég hugsaði með mér að ég þyrfti bara eitthvað eitt til að sýnast vera betri en þú...jafnvel vera þú“, sagði Stjáni, gamli vinur minn en á þessari stundu þekkti ég hann ekki. Hann sagðist hafa byrjað á því að hringja í hana Rögnu, því hvað væri betra en að fara með fyrrverandi kærustu mína á “reunionið”? Hann hafði þóst vera ég þegar hann hringdi í hana í sífellu og skrifaði henni bréf en hún hafði ekki bitið á öngulinn. Fyrst hafði hún haldið að ég væri að grínast í henni en svo hætti henni að líka það. Á árgangsmótinu sjálfu hafði hann svo bedið hana að koma út og þar notaði hann þessa róandi jurtablöndu til að deyfa hana. Honum fannst réttlæt看legt að myrða hana fyrst hún vildi hann ekki og þegar systur hans fór að gruna of mikið, drap hann hana líka. Ég vildi ekki heyra meir en leiðsögumennirnir stoppuðu ekki Stjána þar sem þeir skildu ekki eitt orð í íslensku. Hins vegar skildi ég allt saman. Svo ótrúlegt sem þetta var, þá gekk þetta allt upp. Ég skammaðist mín fyrir að hafa ekki grunað neitt eins og þetta með stóru plöntubókina heima hjá honum. Five hundred powerful plants and remedies. „Og hvað nú?“, sagði ég með eins stöðugri rödd og mögulegt var. „Auðvitað verð ég að losna við þig ef ég ætla að verða þú. Það vill nefnilega enginn vera einhver fjandans Stjáni í aukahlutverki. Já og meðan ég man þá lét ég þig fá gallaða fallhlíf.“ Í þeim töluðum orðum hoppuðu leiðbeinendurnir með okkur út úr flugvélinni og ég er í frjálsu falli, fastur við einhvern ókunnugan mann sem hefur ekki hugmynd um hvað hefur verið sagt.

Þá erum við komin hingað í sögunni. Veðrið er fint og sólin skín í heiði en ég er að hrapa og nálgast jörð óðfluga. Málið er að ég hef ekki hugmynd um hvort ég sé með gölluðu fallhlífina eða Stjáni því að ég tók bara einhverja en við munum báðir komast að því fyrir eða síðar.....





### 1. bekkur

Aftasta röð frá vinstri: Lovísa Jóhannesdóttir (kennari), Fura Claxton, Mikael Aron Reynisson, Eyrún Helga Þorleifsdóttir (kennari), Líf Hjálmsdóttir, Fannar Atli Victorsson, Gabriel Máni Benediktsson, Ísólfur Darri Rúnarsson, Bragi Friðrik Bjarnason, Sævar Elís Sigurðsson, Elvar Ísak Jessen, Marta María Baldursdóttir, Ásta Egilsdóttir kennari, Íris Embla Andradóttir, Briet Saga Kjartansdóttir, Jóhanna Dagný Óskarsdóttir, Raket Sara Ólafsdóttir

Næst aftasta röð frá vinstri: Hringur Logi Sigurbjörnsson, Sævar Emil Ragnarsson, Máni Berg Ellertsson, Bergsteinn Mar Einarsson, Óskar Sindri Ármannsson, Rebekka Klara Óskarsdóttir, Sara Ósk Eyfjörð Hólmarsdóttir, Daniel Bergmann Einarsson, Logi Daðason, Freyja Kristný Sævarsdóttir, Íris Arna Ingvarsdóttir, Agúst Óðinn Ásgeirsson, Birgir Örn Jónasson, Katrín Valdis Hjartardóttir (kennari).

Næst fremsta röð frá vinstri: Óli Rafn Óskarsson, Ísabella Ýr Pétursdóttir, Daniel Ingi Jóhannesson, Erik Heiðar Guðbergsson, Magnús Ingi Sturluson, Elísa Bella M. Briansdóttir, Ingbör Snjólfsson, Eva Margrét Jónsdóttir, Sverrir Eli Guðnason, Andri Eyfjörð Unnarsson, Hilmar Veigar Agústsson, Bjarki Freyr Sturluson.

Fremsta röð frá vinstri: Víkingur Geirdal Gíslason, Hákon Freyr Guðmundsson, Morten Ottesen, Freyja Sif Eiríksdóttir, Katrín Lára Kristinsdóttir, Guðbrandur Ingi Guðjónsson, Álfrún Embla Hranarsdóttir, Askur Björn Lindal Þrastarson, Marínó Ísak Dagsson.



### 2. bekkur grænn.

Aftasta röð f.v.: Tristan Máni Arnarsson, Felix Heiðar Magnason, Hafþór Kári Atlason, Viktor Daði Eggertsson, Rúnar Sigurðsson, Tristan Freyr Traustason, Sara María Ármannsdóttir.

Næst aftast f.v.: Aron Benedikt Birgittuson, Auður María Lárusdóttir, Karen Káradóttir, Lilja Björk Unnarisdóttir, Salka Hrafn Elvarsdóttir, Jón Agnar Þórarinnsson,

Næst fremst f.v.: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir umsjónarkennari, Magnea Sindradóttir, Ísafold Birgisdóttir, Líf Ramundt Kristinsdóttir, Helga Rós Ingimarsdóttir, Bryndís Kristinsdóttir Kjerúlff.

Fremsta röð f.v.: Máni Blær Sigurgeirsson, Viðar Sigurbórsson, Sara Pálsdóttir, Ragnar Páll Aðalsteinnsson, Gunnfríður Raket Hannesdóttir, Gísli Stefán Gíslason.

Fjarverandi var: Mikael Örn Hilmarrson.









### 3. VEG - E hópurinn

Aftasta röð f.v.: Ólafur Bjarki Stefánsson, Þórður Freyr Jónsson, Kári Kristvinsson, Jóel Duranona, Daði Freyr Gunnarsson, Birkir Halldórsson, Birkir Atli Brynjarsson, Jóel Þór Jóhannesson.

Miðjuröð f.v.: Nikulás Mýrdal Sigurðsson, Hjalti Rafn Kristjánsson, Þórður Ingi Hjaltason, Björk Davíðsdóttir, Katrín María Ómarsdóttir, Elvira Agla Gunnarsdóttir, Elsa Maren Steinarsdóttir.

Fremsta röð f.v.: Nina Dögg Hilmarsdóttir, Ragnheiður Hjálmarsdóttir, Unnur Ósk Ragnarsdóttir, Rákel Mirra Njálisdóttir, Sigrún Dóra Jónsdóttir, Victoria Þórey Þórðardóttir, Elísabet María Jóhannsdóttir, Eygló Karlsdóttir umsjónarkennari.

Fjarverandi var: Kolbeinn Tumi Sveinsson.

### 3. VEG - V hópurinn

Aftasta röð f.v.: Guðmundur Skarphéðinn Gíslason, Pálmi Þór Bergþóruson, Hektor Bergmann Gardarsson, Pétur Jóhannes Óskarsson, Almar Kári Ásgeirsson, Nói Claxton, Logi Mar Hjaltested.

Miðjuröð f.v.: Ragnheiður Þórðardóttir, Málfríður Júlía Ingvarsdóttir, Ragna Sól Karlsdóttir, Rósa Kristín Hafsteindóttir, Íris Rákel Adalsteinsdóttir, Dagur Karl Lindal Prastarson, Daði Már Alfredsson.

Fremsta röð f.v.: Gylfi Kristinn Gardarsson, Nicola Sadowska, Amira Þóll Ástróarsdóttir, Katrín Fjöla Ásgeirsdóttir, Ýmir Hjálmsón, Valgerður Valsdóttir umsjónarkennari.

Vanta á mynd: Ragnheiður Gunnarsdóttir og Hafrún Tinna Hafsteinsdóttir.



### 4. EBD

Aftasta röð f.v.: Baldur Freyr Gylfason, Ingveldur Ósk Sigurðardóttir, Ástís María Guðjónsdóttir, Kristófer Áki Hlynason, Davíð Ernir Jónsson, Róbert Leó Gíslason.

Miðjuröð f.v.: Ingi Þór Sigurðsson, Gylfi Borghór Sigurðsson, Ármann Ingi Finnbogason, Arthúr Bjarni Magnason, Bjarki Brynjarsson, Ólafur Haukur Ariliusson, Elin Björk Davíðsdóttir umsjónarkennari.

Fremsta röð f.v.: Ragnheiður Karen Ólafsdóttir, Alexandra Ósk Reynisdóttir, Dagbjört Líf Guðmundsdóttir, Brynhildur Helga Víktorsdóttir, María Rún Ellertsdóttir, Anna Lilja Lárusdóttir.

Fjarverandi var: Jóhannes Breki Hardarson.







#### 4. IHÓ

Aftasta röð f.v.: Guðmundur Sveinn Gunnarsson, Sölvi Snorrason, Bóas Orri Hannibalsson, Baldur Páll Stefánsson, Matthías Smári Sighvatsson, Sindri Dagur Sigurdsson.

Miðjuröð: Einar Óli Hjaltason, Bergur Breki Stefánsson, Birnir Már Þorvaldsson, Fríðmey Ásgrimsdóttir, Elsa María Einarsdóttir, Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir umsjónarkennari.

Fremsta röð f.v.: Auður Elsa Kristjánsdóttir, Elísabet Eir Magnúsdóttir, Margrét Lilja Jónsdóttir, Marey Edda Helgadóttir, Eydis Lára Prastardóttir, Harpa Ósk Svandsóttir.

Fjarverandi var: Maron Reynir Sigurðarson.

#### 4. MRJ

Aftasta röð f.v.: Ellert Lár Hannesson, Gabriel Þór Þórðarson, Sindri Freyr Danielsson, Ólafur Ían Brynjarsson, Hafþór Örn Arnarsson, Hrafnkell Váli Valgarðsson.

Miðjuröð f.v.: Íris Rán Kristinsdóttir, Rebekka Rán Aradóttir, Krístrún Lára Bjarnadóttir, Rúna Björk Guðmundsdóttir, Aron Elvar Dagsson, Margrét Rós Jósefsdóttir umsjónarkennari.

Fremsta röð f.v.: Anita Sól Gunnarsdóttir, Andrea Kristín Ármannsdóttir, Una Þórdís Guðmundsdóttir, Tania Sól Ragnarsdóttir.



#### 5. VH

Aftasta röð f.v.: Elmar Bragi Gunnarsson, Sigurður Andri Óskarsson, Oliver Snær Ólason, Maren Lind Steinþórsdóttir, Róbert Kári Óskarsson, Viktor Bjarki Benjamínsson og Guðlaug Sara Gunnarsdóttir.

Næst aftast f.v.: Vilborg Helgadóttir umsjónarkennari, Ardis Eyja Kjartansdóttir, Aldís Mjöll Hlynsdóttir, Thelma Rós Ragnarsdóttir, Sara Lind Atladóttir, Thelma Rut Bjarnadóttir og Ngozi Jóhanna Eze.

Fremsta röð f.v.: Guðmundur Már Jóhannsson, Hreimur Óskar Karlsson, Lára Jakobína Gunnarsdóttir, Sólrún Lilja Finnbogadóttir, Aron Helgi Halldórsson og Szymon Pawelzcyk.

Fjarverandi voru: Mohammad Al Eedi og Jóhann Magni Eggertsson.





### 5. URÁ

Aftasta röð f.v.: Haukur Logi Einarsson, Engilbert Ólafsson, Embla Rún Myrdal Sigurðardóttir, Gabriel Ísak Valgeirsson, Hákon Arnar Haraldsson, Katrín Lea Daðadóttir,

Næst aftast f.v.: Jóhannes Einarsson, Sölvi Blær Samúelsson, Mírra Björt Hjartardóttir, Helena Rós Sævarsdóttir, Árni Salvar Heimisson

Næst fremsta röð f.v.: Helgi Rafn Bergþórsson, Björn Viktor Viktorsson, Dagný Eva Snorrðóttir, Hekla María Arnardóttir, Ingimar Elfar Ágústsson, Ursula Ásgrímsdóttir umsónarkennari.

Fremsta röð f.v.: Védis Agla Reynisdóttir, Matylda Magdalena Pilecka, Ásdis Ýr Þorgrímsdóttir, Almar Daði Kristinsson, Eiríkur Snjólfsón.

### 5. VS

Aftasta röð f.v.: Krístrún Bára Guðjónsdóttir, Þorgerður Bjarnadóttir, Ásrún Heimisdóttir, Viktoría Pálsdóttir, Fríða Sif Atladóttir, Guðný Sigurrós Jóhannsdóttir, Næst aftast f.v.: Arndís Lilja Eggertsdóttir, Lilja Björg Ólafsdóttir, Sigrún Freyja Hrnannarsdóttir, Paula Gaciarska, Krissý van den Berg, Magnús Máni Sæmundsson, Næst fremsta röð f.v.: Fannar Björnsson, Röbert Máni Sigurðsson, Þorgeir Örn Bjarkason, Maryam Anwar Nassar, Valdis Sigurvinsdóttir umsónarkennari. Fremsta röð f.v.: Filip Fiolna, Tómas Þórisson, Grétar Þór Rósant Söndruson, Heiðar Logi Hjálmarsson, Ingibergur Valgarðsson.



### 6. IE

Aftasta röð: Röbert Rögnvaldsson, Andri Páll Einarsson, Niko Kilian, Enrique Snær Llorens, Helgi Reyrr Guðnason, Sigrún Eva Sigurðardóttir.

Næst aftasta röð: Aron Snær Guðjónsson, Arnþór Helgi Gíslason, Oliver Stefánsson, Kolbeinn Tumi Kristjánsson, Anna Þór Hannedóttir, Ísak Örn Elvarsson.

Næst fremsta röð: Rósa Björk Bjarnadóttir, stuðningsfulltrúi, Júlíus Emil Baldursson, Ísak Bergmann Jóhannesson, Ástþór Vilmar Brynjólfsson, Dagný Halldórsdóttir, Ingibjörg Eggertsdóttir, kennari

Fremsta röð: Nökkvi Máni Guðmundsson, Oliver Helgi Pálsson, Ragnheiður Helga Sigurgeirsdóttir, Bára Valdis Ármannsdóttir







### 6. SÓ

Aftasta röð f.v.: Erna Lind Heiðarsdóttir, Sigurrós Vestmann Þórðardóttir, Ásgerður Jing Laufeyjardóttir, Katrín Eva Einarsdóttir, Oliwia Malczyk, Victoria Ósk Anitudóttir.

Miðju röð f.v.: Sigríður G. Ólafsdóttir kennari, Ástrós Elísabet Ástþórsdóttir, Heba Bjarg Einarsdóttir, Natalia Palinska, Brynhildur Björk Magnúsdóttir, Matthildur Hafliðadóttir, Hilmar Andri Ásdísarson.

Fremsta röð f.v.: Heiður Dís Kristjánsdóttir, Patrekur Orri Unnarsson, Hafþór Ingi Harðarson, Þorgils Sigþórsson, Finnþogi Laxdal Aðalgeirsson, Arnar Már Kárasón, Halldór Andri Guðmundsson.

Á myndina vantar: Karl Ívar Karlsson og Sindra Mía Sigurðsson.

### 6. EPS

Aftasta röð f.v.: Weronika Anna Latka, Selma Dögg Þorsteinsdóttir, Erna Björt Elísdóttir, Nikulás Ísar Bjarkason, Daniel Þór Gunnarsson

Miðröð frá vinstri: Jón Birkir Þorbjörnsson, Gylfi Karlsson, Guðmundur Valgeir Guðbergsson, Óðinn Örn Óskarsson, Dominik Pstragowski.

Fremsta röð: Elís Þór Sigurðsson, kennari, Erla Karítas Jóhannsdóttir, Árný Stefania I. Ottesen, Sigríður V. Lindal Ævarsdóttir, Ronja Rut Hjartardóttir.



### 7. BÞ

Aftasta röð f.v.: Róberta Lilja Ísólfsdóttir, Ylfa Claxton, Ólöf Rún Guðmundsdóttir, Ásta María Búaadóttir og Benjamin Kristinn Sigurjónsson.

Næst aftasta röð frá vinstri: Katrín María Óskarsdóttir, Heiður Ósk Ólafsdóttir, Brynhildur Traustadóttir, Aþena Ósk Eiríksdóttir og Berglind Þráinsdóttir umsjónarkennari.

Næst fremsta röð frá vinstri: Brynjar Már Ellertsson, Bjarki Þór Ólason, Emil Þór Guðmundsson, Karen Rut Finnþogadóttir og Guðný Stefánsdóttir stuðningsfulltrúi  
Fremsta röð frá vinstri: Guðmundur Þór Hannesson, Viktor Theodorsson, Helga Dís Brynjólfsdóttir og Oddur Gíslason.

Fjarverandi: Telma Guðrún Jónsdóttir.





### 7. CBR

Aftasta röð f.v.: Hafsteinn Orri Hilmarrson, Birkir Daði Jónsson, Orri Hermannsson, Mikael Sævarsson, Eva María Jónsdóttir, Ísabella Cabrita.

Næst aftast f.v.: Nathanael Bergmann Gunnarsson, Vilborg Lind Gunnarsdóttir, Raket Rún Eyjólfssdóttir, Pétur Vilberg Bergsteinsson, Aron Sædal Karlsson.

Næst fremst f.v.: Marteinn Theodorsson, María Dís Einarssdóttir, Ægir Sölvi Egilsson, Daria Fijal, Christel Björg Rúðolfsdóttir umsjónarkennari.

Fremsta röð f.v.: Pawel Borkun, Valentinus Hauksson, Haukur Stefán Jakobsson, Birkir Guðlaugsson, Paulina Jolanta Latka.

### 7. HJ

Aftasta röð f.v.: Katrín Helga Sævarsdóttir, Amalía Rut Björnsdóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir, Marín Birta Pétursdóttir, Steindór Gauti Guðmundsson, Amalía Sif Jessen.

Næst aftasta röð f.v.: Gísli Laxdal Unnarsson, Sæþór Kristinn Guðmundsson, Sigurjón Logi Bergþórsson, Óttar Bergmann Kristinsson, Magnús Þór Kristjánsson, Mikael Hrafn Helgason.

Næst fremsta röð f.v.: Sjöfn Sólveig Sigurbjörnsdóttir, Ida Myrdal Sigurðardóttir, Birgitta Nótt Guðmundsdóttir, Klara Kristvinsdóttir, María Mist Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Jónsdóttir kennari.

Fremsta röð f.v.: Erika Bjarkadóttir, Nikola Fiolna, Gróa Dagmar Gunnarsdóttir, Hlöðver Már Pétursson, Arni Þórir Heiðarsson.

Fjarverandi var: Marvin Darri Steinarsson.



### 8. BJ

Aftasta röð f.v.: Fylkir Jóhannsson, Sigurður Hrannar Þorsteinsson, Björn Máni Andrason, Atli Teitur Brynjarsson, Helga Rún Hafþórsdóttir, Nína Alexandra Bialonczyk.

Næst aftast f.v.: Borghildur Jósúadóttir umsjónarkennari, Droplaug María Hafliðadóttir, Telma Maren Antonsdóttir, Júlía Rós Þorsteinsdóttir, Harpa Kristný Sturlaugsdóttir.

Miðjuröð.: Jón Myrdal Böðvarsson, Ísak Máni Sævarsson, Helgi Rafn Rafnkelsson, Þór Llorens Þórðarson, Jón Karl Kristján Traustason.

Næst fremsta röð f.v.: Ólöf Gunnarsdóttir, Hekla Alexía Samúelsdóttir, Áslaug Margrét Gísladóttir, Hulda Sigríður Höskuldsdóttir, Wiktoria Kostewicz.

Fremsta röð f.v.: Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir, Bjarmey Helga Guðjónsdóttir, Friða Halldórsdóttir, Arna Berg Steinarssdóttir

Fjarverandi var: Amelija Prizginaite.





**8. LK**

Aftasta röð f.v.: Sindri Snær Alfreðsson, Oskar Wasilewski, Kristmann Dagur Einarsson, Bjartur Finnbogason, Kamil Swistowski.

Næst aftast f.v.: Lilja Sigríður Hjaltadóttir, Logi Breiðfjörð Franklínsson, Andri Freyr Eggertsson, Hafdis Guðrún Halldórsdóttir, Sólun Ívar Simonarson.

Næstfremsta röð f.v.: Sunna Pétursdóttir, Kristrún Amelía Hallewell, Íris Edda Steinþórsdóttir, Karen Þórisdóttir, Anna Berta Heimisdóttir.

Fremsta röð f.v.: Laufey Karlsdóttir umsjónarkennari, Veronika Lind Elvarsdóttir, Adalheiður Kristín Kristjánsdóttir, Nicole Candrejo, Katrín Sól Þórðardóttir

Fjarverandi voru: Aron Bjarki Kristjánsón, Helena Dögg Einarsdóttir, Ylfa Örkdóttir.

**9. SG**

Aftasta röð f.v.: Kacper Filip Szwaba, Tómas Andri Jörgensson, Árni Snær Fjalarsson, Aron Steinn Davíðsson, Grétar Júlíus Þorsteinsson, Arnar Gunnarsson

Miðröð f.v.: Steinunn Guðmundsdóttir umsjónarkennari, Harpa Rós Gunnarsdóttir, Þórdís Líf Valgeirsdóttir, Ragna Dís Sveinbjörnsdóttir, Aron Már Björnsson, Grímur Ingi Einarsson.

Fremsta röð f.v.: Matthías Þorbergur Pálsson, Katrín Drafnardóttir McConnell, Magne Rós Gunnarsdóttir, Oliwia Sawicka, Paulina Sadowska, Símon Orri Jóhannsson.

Fjarverandi var: Sóley Rún Einarsdóttir.

**9. HDG**

Aftasta röð f.v.: Sveinn Logi Kristinsson, Bryndís Jóna Hilmarisdóttir, Anna Lilja Guðmundsdóttir, Helgi Laxdal Adalgeirsson, Auður Marín Adolphsdóttir, Selma Briet Brynjarsdóttir.

Næst aftast f.v.: Hilmar Halldórsson, Ástþór Ýmir Alexandersson, Almar Óli Fjeldsted, Dagmar Sara Bjarnadóttir, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes Valur Hafsteinsson.

Næst fremst f.v.: Una Lára Lárusdóttir, Ólafur Tryggvi Eliasson, Ólafur Ingi Ásgeirsson, Svandís Guðbjörg Karlsdóttir, Auðun Ingi Hrólfsson, Jóhannes Freyr Stefánsson

Fremsta röð f.v.: Arnór Sigurðsson, Róbert Ísak Erlingsson, Sandra Ósk Alfreðsdóttir, Linda Ósk Alfreðsdóttir, Hjördís Dögg Grímarsdóttir umsjónarkennari.



**9. MÁ**

Aftasta röð f.v: Andri Adolffsson  
 stuðningsfulltrúi, Daniel Aron Jónsson,  
 Gilmar Þór Benediktsson, Haraldur  
 Sturlaugsson, Hervar Gunnarsson, Aron  
 Máni Alfredsson, Alex Mar Bjarkason.  
 Næst aftast f.v: Hallur Bjarnason, Eidur  
 Andri Guðlaugsson, Guðfinnur Þór Leóson,  
 Sigurður Grétar Gunnarsson, Valfríður  
 Guðmey Haraldsdóttir, Margrét Ákadóttir  
 kennari.

Næst fremst f.v: Katarína Stefánsdóttir,  
 Karólína Andrea Gísladóttir, Almar Geir  
 Alfredsson, Marvin Daði Ægisson, Sigurjón  
 Ari Guðmundsson, Omar Anwar Nassar  
 Fremsta röð f.v.Embla Kristín Kristinsdóttir,  
 María Edda Sverrisdóttir, Alexía Mist  
 Baldursdóttir, Ágústa Margrét Björnsdóttir,  
 Andrea Ýr Reynisdóttir, Lúisa Heiður  
 Guðnadóttir, Dagný Björk Gardarsdóttir.

**10. FE**

Aftasta röð frá vinstri: Guðlaug Ásrún  
 Grétarsdóttir, Gísli Valur Gíslason, Áspór  
 Ísak Jökulsson, Karitas Eva Svavarsdóttir,  
 Svanhildur Skarphéðinsdóttir, Birna Sjöfn  
 Pétursdóttir.

Miðröð sitjandi (aftari) frá vinstri:  
 Hilmar Örn Jónsson, Marínó Hranann  
 Hjaltason, Axel Guðni Sigurðsson, Hafliði  
 Már Höskuldsson, Elvar Már Sturlaugsson,  
 Leó Snær Guðmundsson.

Miðröð sitjandi (fremri) frá vinstri: Hildur  
 Ýr Eiríksdóttir, Ingibjörg Elin Jónsdóttir, Jón  
 Gunnar Hafsteinnsson, Hrafnhildur Arin  
 Sigfúsdóttir, Selma Rögnvaldsdóttir.

Fremsta röð frá vinstri:  
 Guðný Rós Jónsdóttir, Aldís Eir  
 Valgeirsdóttir, Anna Chukwunonso Eze,  
 Yrsa Katrín Karlsdóttir, Flosi Einarsson  
 umsjónarkennari.

**10. MKÓ**

Aftasta röð frá vinstri: Þórir Halldórsson,  
 Friðrik Snær Ómarsson, Daniel Andri  
 Valdimarsson, Alexander Örn Kárason,  
 Sunna Rós Sigmundsdóttir, María Kristín  
 Óskarsdóttir umsjónarkennari.

Miðröð sitjandi (aftari) frá vinstri: Óskar  
 Þór Eiríksson, Daniel Hjörvar Guðmunds-  
 son, Erlendur Rúnar Reynisson, Stefán  
 Kaprasius Gardarsson, Hreiðar Henning  
 Guðmundsson.

Miðröð sitjandi (fremri) frá vinstri: Sveinn  
 Þór Þorvaldsson, Weronika Pawelczyk,  
 Ásthildur Jóna Haraldsdóttir, Jón Hjörvar  
 Valgarðsson, Helgi Amar Jónsson.

Fremsta röð frá vinstri: Magðalena Lára  
 Sigurðardóttir, Aðalsteinn Maron Árnason,  
 Ísak Darri Þorsteinsson, Arni Teitur Línald  
 Þrastarson.

Á myndina vantar Júlíu Björk  
 Gunnarsdóttur.







### 10. VLJ

Aftasta röð f.v.: Sara Katrín Benedíktsdóttir, Eva Mjöll Árnadóttir, Una Lilja Jónsdóttir, Katrín Jóna Ólafsdóttir, Eggert Halldórsson, Alla Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi.

Næst aftast f.v.: Guðmundur Sigurbjörnsson, Sindri Snær Magnússon, Axel Fannar Elvarsson, Gylfi Brynjar Stefánsson, Stefán Teitur Þórðarson.

Næst fremst f.v.: Sindri Þór Harðarson, Jón Helgi Sævarsson, Ásgrímur Óskar Jóhannesson, Ragnar Bragi Hansson, Darja Kozlova, Hjördis Rósa Ernisdóttir.

Fremsta röð f.v.: Valgarður L. Jónsson umsjónarkennari, Linda María Rögnvaldsdóttir, Thelma Björk Jónsdóttir, Jóndis Hálfhánsdóttir, Rakel Ýr Guðlaugsdóttir, Blaise Palmer Casanova

Fjarverandi voru: Jan Bortkum, Jóhannes Garðar Jóhannesson, Karen Þóll Jensdóttir og Ríkharður Árnason.







Grundaskóli  
Akranesi